

FUNDARGERÐ

143. stjórnarfundur KRAFT

143. stjórnarfundur KRAFT var haldinn 22 júní 2022, kl. 12.00 á Zoom.

Fundarmenn : Gry, Auðunn, Lára, Þórunn og Laufey
Fjarverandi : Hinrik, Rúnar og Aron Ingi
Fundargestur : Birgir Sverrisson hjá Lyfjaeftirliti Íslands
Fundarritari : Laufey

FJARFUNDUR STJÓRNAR KRAFT MEÐ LYFJAEFTIRLITI ÍSLANDS

- Hjá Lyfjaeftirlitinu er í dag aðeins einn meðlimur landsliðsins skráður á sérstakan lyfjaprófunarlista hjá eftirlitinu. Þeir íþróttamenn sem eru á þessum lista fara reglulega í lyfjapróf og þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði Lyfjaeftirlitsins. Stjórn telur að fjölga þurfi á þeim lista með hliðsjón af árangri á síðustu mótum og World Games. Lyfjaeftirlitið ákveður hver fer á þann lista en stjórn KRAFT mun senda tillögur á Lyfjaeftirlitið.
- Stjórn KRAFT hefur átt samtali við Lyfjaeftirlitið um aukinn fjölda lyfjaprófa á innanlandsmótum og er það í farvatninu hjá Lyfjaeftirlitinu.
- Besta forvörnin er fræðsla til íþróttamanna. Birgir ítrekaði að best er að ná til íþróttamanna snemma á ferlinum. Í haust mun fjöldi unglunga keppa fyrir hönd Íslands á Norðurlandamóti unglunga í kraftlyftingum Allir fundarmenn voru sammála að halda þarf fræðslufund fyrir unglingalandsliðið með Lyfjaeftirlitinu fyrir það mót.
- Á hverju ári er fundur með landsliðsfólki. Stjórn var sammála að á þeim fundi skal vera fræðsla frá Lyfjaeftirlitinu.
- Stjórn upplýsti Birgi að núna þurfa allir í landsliðinu í kraftlyftingum að fara í gegnum ADEL hjá WADA. Þetta eru kröfur sem koma frá Alþjóða kraftlyftingasambandinu, IPF.
- <https://adel.wada-ama.org/learn>
- Sumt landsliðsfólk æfir ekki að staðaldri hjá félögum sínum (mismunandi eftir félögum hve ströng þau eru með það auk aðstöðu). Birgir telur að best væri fyrir íþróttina að stjórn KRAFT komi með reglur til landsliðsmanna um fjölda æfinga pr. viku / mánuð hjá félaginu auk skráðra æfingatíma. Þetta veitir landsliðsfólki aðhald og er þ.a.l. hluti af forvörnum til lengri tíma. Stjórn KRAFT kannar hvort kvaðir eigi að vera í landsliðssamningi um lágmarks fjölda æfinga landsliðsfólks hjá félagi.
- Ef íþróttamaður /-kona „missa“ þrisvar af lyfjaprófi fara þau sjálfkrafa í 4 ára bann.
- Það er ekki bara lyfjaprófið sem getur leytt til banns. Önnur atriði eins og ef ótvíræð vitneskja er um brot þó að lyfjaprófið sjálft sé ekki jákvætt.
- Á heimasíðu Lyfjaeftirlitsins er hlekkur inn á síðu þ.s. hægt er senda inn ábendingu.

Fundur var tekinn upp.

Fundi slitið kl. 12.45